



**Magnús Þór Gylfason**  
Frankvæmdastjóri SUS

Ég mæli með að menn finni sér reglulega tækifæri til að gera sér gláðan dag og bregða út af vananum. Til dæmis með því að sækja listviðburði og flagga íslenska þjóðfánanum á hátíðisdögum.

## Fyrirlestur um japanskt handverk Helgiathafnir sem tengjast smíðum

**FYRIRLESTUR** Arkitektinn Michael Anderson, sem er sérfræðingur í japönskum arkitektúr og smíðaáferðum, verður með fyrirlestur og sýnikennslu á vegum umhverfis- og byggingarverkfræðiskorar Háskóla Íslands, í kvöld kl. 16, í húsi verkfræðideildar Hjarðarhaga 2-6, í stofu 158.

Michael Anderson lærði sjálfur hjá frægum japönskum trésmíðameistara og hefur rekið arkitektastofu í Osaka. Hann hefur einnig starfað víða um lönd og verið kennari við Berkeley- og Cambridge háskóla. Michael mun lýsa hefðum og helgiathöfnum sem smíðunum tengjast og loks verður sýning á verkfærunum og sýnt hvernig þau eru notuð. Ef áhugi væri á að stuðla að byggingu japansks tréhúss á Íslandi, væri gott að taka það til umræðu í lok fyrirlestursins.

Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Fundarstjóri er Trausti Valsson, arkitekt og skipulagsfræðingur. ■

Breakbeat.is á Café 22

## Allt það nýjasta í drum & bass

**TÓNLIST** Stöðugustu klúbbkvöld Reykjavíkur eru Breakbeat.is-kvöldin sem haldin eru á Café 22. Fyrsta miðvikudagskvöld hvers mánaðar er hægt að ganga að nýjustu og ferskustu jungle, drum & bass og breakbeat tónunum vísum á staðnum og í kvöld er engin undantekning. Þá mun Breakbeat.is hópurinn snúa skífum ásamt sérstökum gestum.

Á efri hæðinni leika þeir plötusnúðarnir Addi, Eldar og Reynir ásamt MC Sezar A. Gestaleikari verður dj. Óskar. Á neðri hæðinni leika dj. Kristinn og Gauti „tjill og grúv“ tónlist.

Aðgangseyrir er 300 krónur fyrir 23 en 500 krónur eftir það. Kvöldið hefst klukkan 21 og er 18 ára aldurstakmark. ■

## Listasafn Reykjavíkur: Húmoristi hversdagsins

**SÝNING** Bandaríkjamadurinn John Baldessari er eitt af stóru nöfnum í samtímalistasöggunni, og af þeirri ástæðu einni er full ástæða til þess að skoða sýningu hans í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Yfirskrift sýningarinnar er: „Á meðan eitthvað er að gerast hér, er eitthvað annað að gerast þar“. Baldessari hefur verið nefndur ljóðskáld hinnar öfugsnúna fagurfræði og húmoristi hversdagsleikans.

Sýningin er opin til kl. 19 í kvöld, en hún stendur til 17. júní.

## Myndasýning í Nanoq Göngu- og trukkaferðir í 83 löndum

**MYNDASÝNING** Myndasýning verður haldin í versluninni Nanoq í Kringlunni í kvöld kl. 20.30. Þar verða kynntar ferðir á vegum Exodus sem er stærsta ævintýraskrifstofa í heimi en þessi myndasýning er sú stærsta sem Nanoq hefur staðið fyrir hingað til. Kynnir á myndasýningunni verður Paul Goldstein en hann er þekktur fararstjóri og atvinnuljósmyndari.

Ævintýraferðaskrifstofan Exodus er þekktust fyrir göngu-, skoðunar- og trukkaferðir í 83 löndum, auk annarra ferða í öllum álfum heims. ■



## Waldorfskólinn Listrænt og verklegt nám lagt að jöfnu

**SÝNING** Waldorfleikskólinn Ylur og Waldorfskólinn Lækjarbotnum fagna 10 ára starfsafmæli um þessar mundir. Af því tilefni er kynning á starfsemi skólanna í Borgarbókasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, til 6. maí. Skólarnir starfa út frá hugmyndum Rudolf Steiners þar sem listrænt, verklegt og bóklegt nám er lagt að jöfnu.

**BÖRN AÐ LEIK**  
Ein myndanna sem sjá má á sýningunni.

### MIDVIKUDAGURINN 2. MAÍ

#### FUNDUR

**16.15 María B. Steinarsdóttir** heldur fyrirlestur í dag um 4. árs-verkefni sitt: Líffræði ættkvíslarinnar Harpacticus (Copepoda; Harpacticoida) í flötpangi og mjúlkvægi hennar sem fæðu hrognkelsa-seiða (Cyclopterus lumpus) Fyrirlesturinn verður haldinn í stofu G-6 að Grensásvegi 12.

#### TÓNLIST

**20.00** Hljómsveitin **Dúndurfréttir** leikur í kvöld á **Gauki á Stöng**. Hljómsveitin Dúndurfréttir mun hrista fram hvern slagarann á fætur öðrum. Ekki missa af því.

**21.00** Jungle, breakbeat og drum & bass tónar og víbrar verða í aðalhlutverki á **Café 22** í kvöld. Tilefnið er að hið mánaðarlega **Breakbeat.is** kvöld. Plötusnúðar Breakbeat.is eru; **Dj. Addi** og **dj. Eldar** (Skýjum ofar) og **dj. Reynir** (Tækni/Electronica). Auk þeirra munu svo **dj. Óskar** og **MC Sezar A** snúa skífum. **Dj. Kristinn** og **dj. Ingvi** verða með „tjill“ og „grúv“ á neðri hæðinni. Aðgangseyrir á Breakbeat.is er 300 krónur (500 krónur eftir 23) og aldurstakmarkið miðast við 18 ár.

**22.00 Dj Tommi White** og félagar hans halda uppi grúvaðri djúp hús stemmningu á **Café Ozio** á miðvikudagskvöldum. Enginn aðgangseyrir.

#### LEIKLIST


**10.00 Móguleikhúsið** er á ferð um landið með **Lómu**. Í dag verður hún á **Sæluvíku** í **Skagafirðinum** og sýnir þar leikrið **Mér er alveg sama þótt einhver sé að hlæja að mér**.

**20.00 Nemendaleikhúsið** og **Hafnarfjarðarleikhúsið** sýna í kvöld **Platanof** eftir **Anton Tsjekhov**. Miðaverð 700 kr.

**20.00 Í Þjóðleikhúsinu** er sýning á leikritinu **Laufin í Toscana** eftir Lars Norén. Leikritið fjallar í stuttu máli um skandinávíska stórfjölskyldu sem kemur árlega saman á Ítalíu til að treysta bændin, en smám saman áttar hún sig á því að heimurinn er að breytast. Meðal leikenda eru Erlingur Gíslason og Valdimar Flygering. Leikstjóri er Viðar Eggertsson.

**20.00** Í anddyri Borgarleikhússins í kvöld fjallar **Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir** um Dag vonar eftir **Birgi Sigurðsson**.

**20.00 Með fulla vasa af grjóti** eftir **Marie Jones** verður sýnt í kvöld í **Þjóðleikhúsinu**. Leikritið fjallar á gamansaman hátt um samskipti írskra statista við framleiðendur



**ÚR UPPFÆRSLU LEIKFÉLAGS REYKJAVÍKUR Á DEGI VONAR**  
Valdimar Örn Flygering og Sigríður Hagalín í hlutverkum sínum.

Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir fjallar um leikrit aldarinnar:

## „Hafði mikil áhrif á mig“

**LEIKLIST** Borgarleikhúsið hefur í vetur fengið valinkunna rithöfundar til þess að velja sér leikrit til að fjalla um. Í kvöld er komin röðin að Hrafnhildi Hagalín Guðmundsdóttur, sem ætlar að fjalla um Dag vonar eftir Birgi Sigurðsson.

Leikfélag Reykjavíkur frumsýndi Dag vonar í Iðná 11. janúar 1987, á 90 ára afmæli Leikfélags Reykjavíkur. Leikstjóri var Stefán Baldursson og leikarar voru Margrét Helga Jóhannsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson, Valdimar Örn

Flygering, Guðrún S. Gísladóttir, Sigríður Hagalín og Sigurður Karlsson.

„Auðvitað er erfitt að tina eitt leikrit út og segja að það sé besta leikrit aldarinnar,“ segir Hrafnhildur. „En þegar ég sá að það mætti líka vera leikrit sem hefði haft mikil áhrif á mig sem höfund, þá kom bara eitt verk upp í hugann.“

- Hafði þetta verk mikil áhrif á þig?

„Á sínum tíma, já. Þetta er frábært verk, mjög vel skrifað, og sýn-

ingin í Iðná var líka virkilega fín. Þetta var áður en ég byrjaði skrifa og það hafði mjög mótandi áhrif á mig,“ segir hún. „Ég las það aftur núna. Auðvitað er hefðbundið form á því og maður er kominn sjálfur út í aðrar þælingar. En mér finnst verkið samt ekkert hafa fölnað. Það er svo óvenjulegt að sjá íslenskt leikrit þar sem höfundurinn leggur svona mikið undir. Hann er mjög einlægur í þessu verki.“

Uppákomnan hefst kl. 20 og verður í forsal Borgarleikhússins. ■

og leikara stórra Hollywood-myndar. Leikarar eru aðeins tveir: **Stefán Karl Stefánsson** og **Hilmir Snær Guðnason**.

#### MYNDLIST

**Höskuldur Skagfjörð** hefur opnað myndlistarsýningu í **Ráðhúsi Reykjavíkur**. Höskuldur er sjálfmenntaður lista-

maður og malar aðallega akrýl- og pastelmyndir. Sýningin stendur til 2. maí.

**Jón Gunnarsson**, listmálari, hefur opnað sýningu á olíu- og vatnslitamyndum í **Hafnarborg** í Hafnarfirði. Jón er þekktur fyrir sjávarmyndir sínar þar sem hann sýnir störf við fiskveiðar og -vinnslu. Á undanförunum árum hefur Jón í auknum

mæli sótt efnivið sinn í íslenskt landslag, ekki síst í uppland Hafnarfjarðar. Sýningin er opin milli kl. 11 og 17 alla daga nema þriðjudaga og lýkur 14. maí nk.

**Jean Posocco** sýnir í **Sverrisal, Hafnarborg**. Yfirskrift sýningarinnar er **Stemning eða „Ambiance“**. Á sýningunni eru vatnslitamyndir, flestar unnar á þessu ári. Posocco stundaði nám í Myndlista-

#### MÁLVERKASÝNING

## Hugrekki til að hlaupa

Eftir að hafa séð Odd Nedrum í Silfri Egils vissi ég að ég þyrfti að sjá sýningu hans á Kjarvalsstöðum. Þetta var maðurinn sem það gagnrýnendur sína afsökunar á því að hafa kallað sig listamann! Hann hefur lýst listskópun sinni sem skítunum í baðkerinu eftir að listamenn fóru að þrifa af sér allt það óþægilega og tendra verk sín fallettri ásynd modernismans, sem Odd fyrirleit.

Odd er greinilega hugsjónamaður. Hann heldur uppi hugsjónum manna til að geta hlaupið aftur til einhvers sem var. Hvort sem það er ríkisvaldið, listagagnrýnendur eða sýningastjórar, þá



**Odd Nedrum á Kjarvalstöðum:**  
Kjarvalstaðir: opið fimmt.-þriðjud. 10-17  
Sýningin stendur til 27. maí  
Aðgangseyrir: kr. 400 fullorðnir.

var allt til fyrir þeirra tíma - þeir skipta engu máli og hafa tilhneigingu til að kæfa það sem satt er. Ríkið kæfir tjáninguna, gagnrýnendur frumleikann og sýningastjórar djarfleikann.


Björgvín Guðmundsson

**Verkin eru laus við upphafningu uppskafninga; foringja herja eða stjórnmálaflokka.**

Þjóðarbókhláða:

## Sýning á útsaumuðum smámyndum

**SÝNING** Sýningin Myndir úr Maríu sögu eftir Elsu E. Guðjónsson er haldin í Þjóðarbókhlöðu. Á sýningunni eru átján útsaumaðar smámyndir ásamt frumsömdum vísum sem skirskota til sögu hinnar helgu meyjar eins og hún er sögð í Maríu sögu, íslenskr helgisögu frá 13. öld. Þá er á sýningunni veggeppi með sömu myndum. Myndirnar eru allar unnar í stramma eftir reitarmunstrum, ísaumsbandið er íslenskt kambgarn og saumgerðin gamli krosssaumur-



inn sem tókast hér á landi undir lok miðalda og fram á 19. öld.

Elsa E. Guðjónsson lauk BA-prófi í textíl- og búningafræðum og list- og listasögu frá Washington háskóla í Seattle í Bandaríkjunum 1945 og MA-prófi í sömu aðalgreinum ásamt miðaldarsögu frá sama háskóla 1961. Elsa starfaði sem sérfræðingur og síðar deildarstjóri Textíl- og búningafræðingadeildar Þjóðminjasafns Íslands í rúm þrjátíu ár þar til hún fór á eftirlaun 1994. ■